



Ársskýrsla SÁÁ fyrir árið 2025

Allt annað líf

Ávarp formanns SÁÁ

Ágætu félagar og vinir SÁÁ

Árið 2025 var mikilvægt ár í sögu SÁÁ. Það markaði tímamót í starfi samtakanna, bæði vegna þess sem áunnist hefur á árinu og vegna þess sem fram undan er. Aðalfundur SÁÁ árið 2026 er sá 49. Það minnir okkur á að á næsta ári verða liðin 50 ár frá stofnun SÁÁ.

Við munum halda veglega upp á þau tímamót. Undirbúningur afmælisársins er þegar hafinn og margt er í bígerð. Þar verður mikilvægt að heiðra fortíðina, frumkvöðlana og allt það fólk sem með hugsjón, þrautseigju og óeigingjörnu starfi byggði SÁÁ upp. Jafnframt ætlum við að nýta tímamótin til að horfa fram á veginn, spyrja hvar samtökin standa í dag og hvernig þau geti best mætt þörfum samfélagsins til framtíðar. Einn af hápunktum afmælisársins verður væntanlega stór afmælisráðstefna SÁÁ sem haldin verður í samstarfi við ISAM, sem eru alþjóðleg samtök lækna sem fást við fíknsjúkdóminn.

SÁÁ stendur á sterkum grunni. Að baki liggur mikil vinna við að tryggja skynsamlegan langtímasamning við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkrareksturinn. Með þeim samningi hefur ríkið tekið á sig réttmætan kostnað við mikilvæga heilbrigðisþjónustu. Samningurinn skapar stöðugleika og svigrúm til að horfa víðar, huga að upprunum og spyrja hvert SÁÁ á að stefna.

Við megum aldrei gleyma hver tilgangurinn var með stofnun samtakanna. Skammstöfunin SÁÁ stendur fyrir Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. Þar er vísað til vandans í stóra samhenginu, ekki eingöngu til fíknsjúkdómsins sjálfs. Á undanförunum árum hefur starfsemin óhjákvæmilega snúist mikið um sjúkdómsmeðferð, enda hefur þörfin verið knýjandi. En nú höfum við aukið bolmagn til að sinna einnig því sem hefur setið á hakanum: forvörnum, fræðslu, snemmtækri íhlutun og stuðningi áður en vandinn verður of alvarlegur.

Við viljum ná fyrr til fólks. Við viljum koma þeim skilaboðum betur á framfæri að áfengislaus lífsstíll getur verið heillandi, gefandi og skemmtilegur. Við viljum einnig hreyfa við heilbrigðiskerfinu þannig að þar sé betur vakandi fyrir vísbendingum um áhrif áfengisneyslu og annarra vímuefnajafa á heilsu fólks.



Anna Hildur Guðmundsdóttir
formaður SÁÁ

Á næstu árum mun SÁÁ leita nýrra leiða til að bjóða þjónustu, fræðslu og stuðning. Tækninýjungar skapa tækifæri til að lækka þröskulda og gera þjónustuna aðgengilegri. Fyrir marga getur verið stórt skref að mæta í viðtal á göngudeild. Með ráðgjöf, fyrirlestrum, sjálfshjálparefni og fræðslu í gegnum síma, tölvu og aðrar stafrænar leiðir getum við auðveldað fólki að taka fyrstu skrefin. Þannig náum við líka betur til fólks á landsbyggðinni.

Í þessu samhengi er gott að rifja upp að fyrsta þjónustan sem SÁÁ bauð upp á eftir stofnun samtakanna árið 1977 var í Fræðslu- og leiðbeiningarstöð SÁÁ að Lágmúla 9. Skömmu síðar hófst afeitrun og meðferð í Reykjadal í Mosfellssveit. Fræðsla, leiðbeiningar og mannleg nálgun voru því hluti af upphafi SÁÁ og eiga áfram að vera hluti af framtíðinni.

SÁÁ hefur ríku hlutverki að gegna í samfélagi sem hefur breyst hratt á undanförunum árum. Við eigum ekki aðeins að vera fagleg, uppfylla gæðastaðla og veita öflugan heilbrigðisþjónustu. Við eigum einnig að sýna mannúð, mildi og samhug. Þau sem til okkar leita eiga að upplifa sig velkomin. Fólkið okkar, starfsfólk, skjólstæðingar, sjálfboðaliðar og félagar, á að finna að SÁÁ er staður þar sem samkennd og virðing eru í fyrirrúmi. Það var mannúðarhugsjón sem leiddi til stofnunar SÁÁ. Við skulum halda fast í þá hugsjón.

Árið 2025 kom vel út fjárhagslega og það er mikilvægt veganesti. Slíkur árangur verður ekki til af sjálfu sér. Hann byggir á ábyrgri stjórnun, öflugum fjáröflunarstarfi og mikilli vinnu margra. Kannanir meðal almennings sýna jafnframt að stuðningur við SÁÁ er sterkur. Það er okkur bæði hvatning og ábyrgð.

Samvinna SÁÁ við stjórnvöld fer vaxandi, sem og samstarf við önnur samtök og þjónustuaðila á sviði fíknivanda. Sú samvinna er til hagsbóta fyrir alla, ekki síst skjólstæðinga, því hún leiðir til fjölbreyttari úrræða, betri samfellu og meiri árangurs. Þekking SÁÁ er eftirsótt og samtökin taka virkan þátt í stefnumótun á landsvísu, meðal annars í stýrihópum stjórnvalda um vímuefnaferðir og stefnu í áfengis- og vímuefnamálum. SÁÁ er burðarás í íslensku samfélagi þegar kemur að meðferð og stuðningi við fólk með fíknivanda.

Fram undan eru stór verkefni. Við stefnum á að byggja nýjan Vog og skapa aðstöðu sem hentar betur þeirri þjónustu sem þar fer fram. Það verkefni er á undirbúningsstigi og mikilvægt er að kanna alla möguleika vandlega, bæði hvað varðar staðsetningu og útfærslu.

Við munum einnig halda áfram stefnumótunavinnu. Þar verður ekki aðeins unnið með stjórnendum og aðalstjórn heldur einnig með notendum þjónustu SÁÁ. Það er tímabært og mikilvægt að hlusta markvisst á rödd þeirra sem þekkja þjónustuna af eigin raun. Framtíð SÁÁ verður best mótuð í samtali við þau sem samtökin þjóna.

Að lokum vil ég færa starfsfólki SÁÁ innilegar þakkir. Hjá okkur starfar fólk sem hefur einlægán áhuga á að bæta líf annarra. Það þarf sérstaka manngerð til að sinna slíku starfi af alúð, fagmennsku og hlýju. Við erum heppin að hafa þetta fólk í okkar röðum.

Ég vil einnig þakka sjálfboðaliðum, félögum, velunnurum og öllum þeim sem hafa lagt SÁÁ lið. Þegar við lítum til baka sjáum við að án þeirra þúsunda sem stutt hafa samtökin með mikilli og óeigingjarnri vinnu hefði starfsemi SÁÁ aldrei orðið að veruleika.

Við stöndum á traustum grunni. Við eigum sterka sögu, mikilvægt hlutverk og bjarta framtíð. Með samhug, mannúð og skýrri sýn getum við áfram breytt lífi fólks til hins betra.

Með kærri kveðju til ykkar allra

Efnisyfirlit A

Starfsemi samtakanna á árinu 2025

Tilgangur og markmið SÁÁ	Bls. 5
Ársskýrsla SÁÁ fyrir árið 2025	Bls. 6
Inngangur	Bls. 7
Fasteignir SÁÁ	Bls. 9
Starfsemi SÁÁ í samræmi við samþykktir Markmið 1–14 (sjá næstu síðu)	Bls. 11
Samantekt ársins 2025	Bls. 26
Lokaorð	Bls. 28

Tölfræði ársins og meginefni eru sameinuð í einni ársskýrslu.

Tölfræði úr heilbrigðisþjónustunni

Sjúkrahúsið Vogur – innlagnarupplýsingar	Bls. 30
- Fyrsta skipti á Vogu	Bls. 47
- Endurkomur á Vog	Bls. 55
- Ungmenni 25 ára og yngri	Bls. 62
- Göngudeild Vogs - lyfjameðferð við ópíóíðafíkn	Bls. 72
Sjúkrahúsið Vogur - niðurstöður gæðavísa	Bls. 81
Meðferðarstöðin Vík	Bls. 98
Göngudeildir Reykjavík og Akureyri	Bls. 100
- Spilameðferð SÁÁ	Bls. 107
- Þjónusta við aðstandendur	Bls. 108
- Sálfræðiþjónusta barna	Bls. 110

Tilgangur og markmið

Starfsemi SÁÁ talin upp eftir 14 markmiðum í lögum samtakanna um tilgang þeirra.

1. Að vinna gegn vanþekkingu og fordómum um fíknsjúkdóma með fræðslu til almennings.
2. Að starfrækja fráhvarfsmeðferð og endurhæfingu fyrir fólk með fíknsjúkdóma.
3. Að starfrækja göngudeild fyrir einstaklinga með fíknsjúkdóma og aðstandendur.
4. Að starfrækja fræðslu og meðferð fyrir aðstandendur, þar á meðal börn.
5. Að vinna að fræðslu, fyrirbyggjandi aðgerðum og endurhæfingu skjólstæðinga.
6. Að styrkja til sérmenntunar starfsfólk til ofangreindrar starfsemi, svo og til annarra starfa málefnum viðkomandi.
7. Að skipuleggja sjálfbóðaliðastörf og afla fjár til reksturs SÁÁ.

8. Að afla og koma á framfæri upplýsingum til almennings um eðli og umfang þess vanda sem stafar af notkun áfengis og annarra vímuefna.
9. Að leita samvinnu við og styrkja þá starfsemi sem berst raunhæft við fíknsjúkdóma og afleiðingar þeirra.
10. Að tryggja fólki með fíknsjúkdóma og aðstandendum þeirra læknishjálp og meðferð í heilbrigðis- og almannatryggingakerfinu án þess að sjúkdómsgreining leiði til skerðingar.
11. Að vinna að fræðslu og menntun fagstétta sem starfa á sviði heilbrigðisvísinda að lækningu, umönnun og meðferð fólks með fíknsjúkdóma.
12. Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ starfi fagfólk úr fjölbreyttum greinum heilbrigðisþjónustunnar.
13. Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ sé rekið öflugt vísindastarf og að rannsakendur á vegum SÁÁ eigi aðild að vísindasamfélagi, innlendu sem erlendu.
14. Að vinna að samstarfi við framhaldsskóla og háskóla um menntun á sviði heilbrigðisvísinda.

Á blaðsíðum 12 til 25 er farið nánar yfir þessi markmið og hvernig var unnið að þeim á árinu 2025

Ársskýrsla SÁÁ fyrir starfsárið 2025

Starfsemi samtakanna á árinu 2025

Starfsemi SÁÁ árið 2025 einkenndist af áframhaldandi faglegri uppbyggingu, bættri þjónustu og tímamótum í samstarfi við stjórnvöld.

Mikilvægasti áfanginn á árinu er nýr heildarsamningur SÁÁ og Sjúkratrygginga Íslands, undirritaður í desember 2025, sem markar tímamót í meðferð við fíknisjúkdómi á Íslandi.

Árið 2025 veitti SÁÁ fjölbreytta, samþætta og faglega heilbrigðisþjónustu við fíknisjúkdómi um allt land.

Fræðsla og miðlun þekkingar var mikilvægur þáttur í starfsemi SÁÁ á árinu, og hluti af samfélagslegu mikilvægi samtakanna.

Árið 2025 markaði upphaf nýs tímabils með sterkari stöðu og aukinni fjármögnun heilbrigðisþjónustu SÁÁ.



Frá undirritun heildarsamnings SÁÁ og SÍ.
Frá vinstri: Sigurður H. Helgason forstjóri SÍ,
Alma Möller heilbrigðisráðherra,
Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir forstjóri SÁÁ og
Anna Hildur Guðmundsdóttir formaður SÁÁ

Inngangur

Starfsemi SÁÁ árið 2025 einkenndist af áframhaldandi faglegri uppbyggingu, bættri þjónustu og tímamótum í samstarfi við stjórnvöld. Eftir umfangsmikla endurskipulagningu og faglega styrkingu á árunum 2023 og 2024 skilar þessi vinna sér nú með ápreifanlegum hætti í aukinni skilvirkni, bættri þjónustu við skjólstæðinga og sterkari stöðu SÁÁ í íslensku heilbrigðiskerfi.

Mikilvægasti áfanginn á árinu er nýr heildarsamningur SÁÁ og Sjúkratrygginga Íslands, undirritaður í desember 2025, sem markar tímamót í meðferð við fíknisjúkdómi á Íslandi. Samningurinn felur í sér aukingu fjárframlaga, um 500 milljónir króna á ári, og tryggir að SÁÁ geti veitt góða þjónustu næstu fjögur ár. Með samningnum er spilafíkn í fyrsta sinn formlega viðurkennd sem hluti af þjónustu SÁÁ, sem ríkisvaldið tekur þátt í að fjármagna. Þetta eflir margvísleg úrræði og gerir samtökunum kleift að sinna fjölbreyttari hópi skjólstæðinga með aukinni fjölbreytni og samfelli.

Árið 2025 veitti SÁÁ fjölbreytta, samþætta og faglega heilbrigðisþjónustu við fíknisjúkdómum um allt land. Sjúkrahúsið Vogur og meðferðarstöðin Vík mynduðu kjarnann í inniliggjandi þjónustu, með öruggri fráhrarfsmeðferð, læknisfræðilegu mati og skipulagðri endurhæfingu í nánú samspili við göngudeildir. Göngudeildir SÁÁ sinntu snemmtækri íhlutun, meðferð, eftirfylgni og þjónustu við aðstandendur með auknu aðgengi og fjölbreyttum úrræðum. LOF-þjónusta gegndi áfram lykilhlutverki í gagnreyndri lyfjameðferð við ópíóíðafíkn, með áherslu á skaðaminnkun, stöðugleika og langtímabata. Vin – búsetuúrræði SÁÁ – sinnti langtímastuðningi og félagslegri endurhæfingu einstaklinga með langvinnan og alvarlegan fíknivanda, með það að markmiði að styðja sjálfstætt líf án vímuefna. Sálfræðiþjónusta barna var jafnframt mikilvægur þáttur í heildrænni nálgun SÁÁ með meðferð, stuðningi og forvörnum fyrir börn sem búa við fíknivanda í fjölskyldu.

Inngangur — framhald

Fræðsla og miðlun þekkingar var mikilvægur þáttur í starfsemi SÁÁ á árinu, og hluti af samfélagslegu mikilvægi samtakanna. SÁÁ miðlaði gagnreyndri þekkingu um fíkn, forvarnir og bataferli til almennings, fagfólks og samstarfsaðila. Þetta var gert með fjölbreyttum hætti, m.a í gegnum fræðslufundi, kynningar, samstarf við stofnanir og þátttöku í opinberri umræðu. Áhersla var lögð á að draga úr fordómum, efla skilning og styðja við snemmtækt inngrip.

Þekking SÁÁ studdi þannig bæði þróun þjónustunnar og hlutverk samtakanna í eflingu lýðheilsu um land allt. Á árinu 2025 jókst umræða um spilafíkn og tengdan vanda í samfélaginu og m.a inni í íþróttahreyfingunni þar sem SÁÁ tók m.a þátt í vitundarvakningu með ÍSÍ og KSÍ.

Samfélagsstuðningur við SÁÁ hélt áfram að vaxa árið 2025. Vorálfasalan skilaði 51,2 milljónum króna og naut mikillar þátttöku einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Þessi stuðningur er undirstaða margra verkefna SÁÁ, ekki síst í þjónustu við börn og fjölskyldur. Þegar jólaálfurinn var seldur í byrjun desember var allur ágóði eyrnamerkur sálfræðiþjónustu barna hjá SÁÁ, sem er þjónusta sem sífellt fleiri sækja og sem hefur afgerandi forvarnargildi til lengri tíma litið. Með nýjum þjónustusamningi er þessi mikilvæga þjónusta tryggð til lengri tíma.

Á árinu 2027 fagnar SÁÁ 50 ára afmæli. Undirbúningur afmælisársins hófst á árinu 2025 og verður notaður sem tækifæri til að líta yfir farinn veg, meta árangur og setja skýr markmið til framtíðar um þjónustu, rannsóknir og samfélagslegt hlutverk samtakanna.

Fasteignir SÁÁ

Húsnæði SÁÁ gegnir lykilhlutverki í starfseminni og árið 2025 hélt áfram uppbygging og endurbætur á þeim fasteignum sem hýsa starfsemi samtakanna á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Vogur, eina sérbyggða fráhvarfsmeðferðarsjúkrahúsið á Norðurlöndum, hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Áfram var unnið að endurbótum á matsal og aðstöðu skjólstæðinga, sem hefur skilað sér í bættri líðan og jákvæðari upplifun þeirra sem hefja meðferð á Vogu. Þessar framkvæmdir voru mögulegar meðal annars vegna styrkja frá velunnurum og sjálfsaflafé.

Vík, endurhæfingarstöð SÁÁ, hélt áfram að efla bataumhverfi sitt með áherslu á ró, stöðugleika og góða aðstöðu fyrir skjólstæðinga og starfsfólk

Von hýsir áfram Göngudeild í Reykjavík og skrifstofur SÁÁ og er áfram miðstöð þjónustu, ráðgjafar, móttöku og fræðslu.

SÁÁ rekur einnig búsetuúrræðið Vin og starfsíbúð á Akureyri.

Á Akureyri var unnið áfram að breytingum á húsnæði göngudeildar, sem nýlega flutti í leiguhúsnæði hjá Sálfræðiþjónustu Norðurlands. Enn á eftir að taka ákvörðun um framtíðarnotkun fasteignarinnar að Hofsbót 4, sem SÁÁ á og hefur áður hýst starfsemina. Þetta ár var notað til að meta þörf, kostnað og framtíðarmöguleika á svæðinu.

Í lok árs 2025 samþykkti aðalstjórn SÁÁ tillögu formanns um athugun frekari uppbyggingu á Vík, með það í huga að flytja starfsemi sem nú fer fram á Vogu að Vík. Forsenda slíkrar uppbyggingar þarf að vera mat á nauðsyn, þar sem húsnæðið á Vogu er komið til ára sinna og komið að miklum endurbótum ef starfsemin þar á haldast næstu áratugi. Einnig þarf að kanna hvert umfang slíkrar uppbyggingar þarf að vera miðað við þá starfsemi sem við sjáum fram á að þurfi að halda úti. Þá þarf að kanna helstu samlegðar- og hagræðingaráhrif sem kunna að felast í slíkri uppbyggingu á Vík og auðvitað aðrar forsendur svo sem virði húsnæðisins á Vogu, möguleiki á að selja það og fleira. Aðalstjórn fól framkvæmdastjórn að móta heildstæða tillögu þegar þessari vinnu væri lokið og leggja fyrir aðalstjórn niðurstöðu sína.

Fasteignir SÁÁ — framhald

Eigið húsnæði SÁÁ er ein af meginstoðum starfseminnar; það skapar stöðugleika, öryggi og tryggir að meðferð og þjónusta fari fram í umhverfi sem hæfir alvarlegum heilbrigðisvanda. Húsnæði SÁÁ er viðhaldið vandlega og í samræmi við kröfur sem gerður eru til þjónustunnar.



Silungapollur

Á undanförunum áratugum hafa húsnæðisaðstæður SÁÁ batnað til mikilla muna og eru nú í samræmi við nútímakröfur. Myndirnar þrjár sýna húsnæði fyrri tíma.



Sogn



Staðarfell

Starfsemi SÁÁ – Yfirlit um markmið samtakanna 1–14

Samkvæmt samþykktum SÁÁ er tilgangur samtakanna skilgreindur í fjórtán markmiðum, sem mynda grunn að starfsemi samtakanna og hvernig þjónustan þróast á hverju ári.

Árið 2025 var unnið markvisst með öll markmiðin, og í mörgum þeirra náðust stór skref fram á við, ekki síst í ljósi nýs heildarsamnings við ríkisvaldið og aukins samfélagsstuðnings.



Framkvæmdastjórn SÁÁ starfsárið 2025 til 2026, frá vinstri: Anna Hildur Guðmundsdóttir formaður, Sigurður R Guðmundsson, Ragnar Þór Reynisson, Anna Margrét Kornelíudóttir ritari, Ragnheiður Dagsdóttir, Jóhannes Baldur Guðmundsson, Þráinn Farestveit varaformaður Ásmundur Friðriksson. Á myndina vantar Björk Ólafsdóttur.

Markmið 1

1

Að vinna gegn vanþekkingu og fordómum um fíknsjúkdóma með fræðslu til almennings.

Árið 2025 hélt SÁÁ áfram að efla fræðslustarf sitt á landsvísu, með markmiði að draga úr fordómum, auka skilning og stuðla að opnari umræðu um fíknivanda. Mikil áhersla var lögð á gagngera upplýsingamiðlun á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum, þar sem nýtt efni var þróað með áherslu á að ná til fjölbreyttra hópa, ungmenna, foreldra, fagfólks og almennings.

Ambassadorverkefnið, náði til fleiri sveitarfélaga í ár. Verkefnið byggir á því að mynda tengsl við samfélög um allt land, greina þarfir þeirra og byggja fræðslu, stuðning og forvarnarstarf á staðbundnum raunveruleika.

Á árinu 2025 fór verkefnið inn í nokkur lykilsamfélög sem unnið var með árið 2024 og náði nú einnig til nýrra svæða þar sem áhersla var á fræðslu til starfsfólks skóla, íþróttafélaga og heilsugæslu.

Þróun samfélagslegra áskorana á sviði fíknivanda á árinu – sérstaklega vitundarvakningar hjá íþróttahreyfingunni og meðal almennings um spilafíkn – skapaði skýra þörf fyrir aukna fræðslu um skaðsemi fjárhættuspila, áhrif netsamfélagsins og áhættur sem fylgja stafrænum leikja- og veðmálavettvöngum.

SÁÁ tók virkan þátt í fjölmiðlaumræðu, málþingum og pallborðum árið 2025 og beitti sér sérstaklega fyrir opinni umræðu um hættur tengdar vaxandi framboði á ólöglegum vímuefnum, áfengi og netspilun, með áherslu á faglega þekkingu og gögn sem samtökin safna.

Fræðsluefni á samfélagsmiðlum fékk aukna dreifingu, ekki síst vegna vitundarvakningarinnar "Edrúar febrúar" sem naut víðtæks stuðnings og þátttöku.

Þátttaka SÁÁ í Reykjavíkummarþoni vakti jafnframt athygli á málefnum.

Markmið 2

2

Að starfrækja fráhvarfsmeðferð og endurhæfingu fyrir fólk með fíknsjúkdóma.

Fráhvarfsmeðferð á Vogu og endurhæfing á Vík eru kjarnastarfsemi SÁÁ og mikilvægar stoðir í meðferð við fíkn. Á árinu 2025 hélt áfram vinna við að styrkja samfellu í meðferð, bæta aðbúnað og tryggja að þjónustan sé bæði fagleg og aðgengileg.

Á árinu var unnið áfram að undirbúningi nýs skipulags sem miðar að því að skýra betur þrepaskiptingu þjónustu með það að markmiði að auka aðgengi og stytta biðtíma að réttri þjónustu á réttum stað í heildstæðu meðferðarkerfi SÁÁ. Þessi þróun byggir á nýjum heildarsamningi við Sjúkratryggingar Íslands og samkomulagi sem náðist á árinu 2024, þar sem samið var um að hraða þjónustu við ákveðinn hóp, með skýru tilvísunarferli frá heilbrigðisstofnunum.

Á árinu 2025 bárust 587 slíkar tilvísanir, eða rúmlega 2 tilvísanir hvern virkan dag.

Meðalbiðtími frá beiðni til innlagnar fer úr 86,8 dögum í 58,26 daga m.a vegna tilkomu þessara nýju þjónustu. Glæra56-57
Nýr heildarsamningur við Sjúkratryggingar Íslands árið 2025 felur í sér viðurkenningu á mikilvægi samfelldra meðferðarleiða fyrir einstaklinga með fíknisjúkdóm. Samningurinn tryggir fjárframlög í takt við þjónustu, bætt rekstrarumhverfi og gerir SÁÁ kleift að efla þjónustu við sértæka hópa, t.d. þá sem glíma við ópíóíðafíkn, fjölþættan fíknivanda eða aðrar samhliða áskoranir sem þarfnast fjölbreyttrar nálgunar. Með samningnum eru stigin skref til að styrkja meðferðarúrræðin og gerir SÁÁ m.a kleift að halda úti fjölbreyttri þjónustu allt árið. Á árinu 2025 var þannig engin sumarlokun á meðferðarstöðinni Vík og 40 pláss til reiðu allt sumarið fyrir skjólstæðinga í meðferð.

Árið 2025 er áframhaldandi 20% fækkun í aldurshópnum 18-25 ára bæði í inniliggjandi og göngudeildarþjónustu, þrátt fyrir að áhersla samtakanna á snemmtæku inngripi fyrir þennan aldurshóp sé óbreytt.

Markmið 3

3

Að starfrækja göngudeild fyrir einstaklinga með fíknsjúkdóma og aðstandendur.

Árið 2025 var markað af áframhaldandi áherslu á göngudeildarþjónustu SÁÁ, í samræmi við stefnu samtakanna um að efla úrræði utan innliggjandi meðferðar og auka jafnræði í aðgengi að þjónustu. Göngudeildin í Von í Reykjavík var áfram miðstöð ráðgjafar, meðferðar, einstaklingsviðtala, fræðslu og stuðnings við skjólstæðinga og aðstandendur. Á Akureyri var unnið áfram nú í húsnæði sem samtökin leigja af Sálfræðiþjónustu Norðurlands, sem hefur styrkt faglegt starf og sveigjanleika í þjónustu á svæðinu.

Starfsemi göngudeildar einkenndist af öflugri samvinnu, góðum starfsanda og þróun þjónustu. Í apríl hóf fjölskyldufræðingur störf í göngudeildinni með aukinni áherslu á þjónustu við aðstandendur, m.a. í gegnum viðtöl, námskeiðahald og þróun meðferðarefnis.

Engin sumarlokun var í göngudeild SÁÁ í Reykjavík og var þjónusta því í boði samfelld allt árið, en staðþjónusta á Akureyri var lokuð yfir sumartímamann með aðlöguðu þjónustufyrirkomulagi.

Göngudeild sinnti líkt og áður markvissu mati og undirbúningi áður en skjólstæðingum var vísað í viðeigandi úrræði. Í kjölfar slíks undirbúnings fóru um 30 einstaklingar beint í meðferð á Vík án innlagnar á Vog, sem er mikilvæg þróun í átt að markvissari þjónustu og betri nýtingu meðferðarúrræða. Á árinu jókst innritun í Grunnmeðferð um 43%, komum í Meðferðarhóp fjölgaði verulega og veitt voru 18% fleiri viðtöl en árið áður.

Auk þess voru símatímar í boði tvisvar í viku í göngudeild, þar sem áfengis- og vímuefnaráðgjafi sinnti erindum vegna einstaklingsvanda og aðstandenda. Í um þriðjung tilfella leiddi slíkt samband til frekari þjónustu, en í meirihluta mála var unnt að leysa erindið í síma með fullnægjandi hætti.

Markmið 4

4

Að starfrækja fræðslu og meðferð fyrir aðstandendur, þar á meðal börn.

Þjónusta við aðstandendur er ein af grunnstoðum starfsemi SÁÁ og árið 2025 var áfram unnið markvisst að fræðslu og stuðningi við fjölskyldur einstaklinga með fíknsjúkdóma. Sérstök áhersla var lögð á úrræði fyrir börn og ungmenni sem búa við erfiðar aðstæður vegna fíknivanda á heimilinu.



Á árinu var unnið að því að styrkja sálfræðiþjónustu barna, sem SÁÁ rak áfram með sjálfsaflafé og styrkjum. Þessi þjónusta hefur mikilvægt forvarnagildi og styður við líðan og langtímahorfur barna sem alast upp við áföll tengd fíkn. Í lok ársins var mikilvægum áfanga náð, þegar þjónusta við börn var tryggð til framtíðar með nýjum þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands.

Fræðsla og stuðningur við fjölskyldur hélt áfram í gegnum fjölskyldunámskeið, foreldravöld og fræðslu fyrir fagfólk og samstarfsaðila. Sérstök áhersla var lögð á að styðja foreldra í því að ræða við börn um fíknsjúkdóminn með aldurshæfum hætti og byggja upp þjargráð innan fjölskyldunnar.

Markmið 5

5

Að vinna að fræðslu, fyrirbyggjandi aðgerðum og endurhæfingu skjólstæðinga.

Markmið 5 spilar saman við mörg önnur markmið. Árið 2025 var áherslan á heildræna nálgun skýrari en nokkru sinni fyrr. Forvarnir, fræðsla og endurhæfing voru samþætt á öllum stigum þjónustunnar, allt frá móttöku á Vogu til eftirfylgdar og daglegrar ráðgjafar á göngudeildum.

SÁÁ styrkti margvíslega forvarnastarfsemi árið 2025, þar á meðal með samstarfi við skóla og íþróttafélög landsins, þar sem áhersla var á áhrif snemmtækrar íhlutunar, áhættur tengdri netspilun og andlega heilsu ungmenna.

Áfram var unnið að þróun Bataappsins, stafræns stuðningsverkfæris fyrir einstaklinga í bataferli, sem hefur notagildi bæði sem forvarnartól og stuðningur í endurhæfingu. Þróunin styður við aukna áherslu á persónubundin bataferli þar sem notendur geta fylgst með stöðu sinni, fengið áminningar, stuðning og vitræna nálgun á bakslagsforvarnir.

Áhersla var lögð á fræðslu og stuðning við foreldra barna í áhættuhópum, ekki síst í ljósi vaxandi umræðu í samfélaginu um spilafíkn meðal ungmenna, þó að eftirspurn eftir spilameðferð hafi verið stöðug milli ára. Ríkið boðaði aukna fjármögnun til að efla meðferðarúrræði við spilafíkn og undirstrikaði þannig mikilvægi þessa þáttar forvarna- og endurhæfingarstarfs SÁÁ.

Undirritað var samkomulag við Háskólann í Reykjavík um aðkomu íþróttufræðinema að endurhæfingu skjólstæðinga SÁÁ m.a með verknámsplássum og rannsóknarsamstarfi,

Markmið 6

6

Að styrkja til sérmenntunar starfsfólk til ofangreindrar starfsemi, svo og til annarra starfa málefnum viðkomandi.

Á árinu 2025 hélt áfram markviss uppbygging í menntun og síþjálfun starfsfólks SÁÁ. Áhersla var lögð á að efla faglegt sjálfstæði starfsfólks til lengri tíma og tryggja að þekking og hæfni renni styrkum stöðum undir stöðug gæði í þjónustu samtakanna.

Starfsfólk sótti áfram innlendar og alþjóðlegar ráðstefnur á sviði fíknilækninga, sálfræði, hjúkrunar og félagsráðgjafar, þar á meðal viðburði sem fjölluðu um ópíóíðameðferð, skaðaminnkun, netspilun og geðheilbrigðismál. Þessi þátttaka styrkir tengsl SÁÁ við alþjóðlegt þekkingar- og vísindasamfélag og stuðlar að því að vinnubrögð og meðferðarnálganir séu ávallt í takt við nýjustu þekkingu.

Áfram var unnið í nánun samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík um

námskeið, verklega kennslu og handleiðslu. Á árinu bárust jafnframt opinberar tilkynningar um fyrirhugaða þróun náms í áfengis- og vímuefnaráðgjöf, þar sem stefnt er að því að námið flytjist á háskólastig í formi BS-náms við Háskólann á Akureyri, í nánun samstarfi við SÁÁ. Þessi þróun er liður í almennri stefnu stjórnvalda um að nám til starfsleyfis löggiltra heilbrigðisstétta fari fram hjá formlegum menntastofnunum og styrkir faglega stöðu stéttarinnar innan heilbrigðiskerfisins.

Áherslur SÁÁ á símenntun, innri þjálfun og handleiðslu falla jafnframt vel að þeirri þróun sem endurspeglast í kjara- og stofnanasamningum á sviði heilbrigðis- og velferðarþjónustu, þar sem aukin menntun, fagleg hæfni og starfsþróun eru sífellt mikilvægari þættir í uppbyggingu starfa. Undirritun nýs heildarsamnings við Sjúkratryggingar Íslands í lok árs styrkir enn frekar faglega innviði samtakanna til framtíðar og skapar forsendur fyrir áframhaldandi eflingu þjálfunar og fagþróunar í ljósi aukinna krafna og fjölbreyttari þjónustu.

Markmið 7

7

Að skipuleggja sjálfbærastörf og aflu fjár til reksturs SÁÁ.

Fjáröflun og þátttaka samfélagsins eru lykilþættir í starfsemi SÁÁ og árið 2025 var eitt besta fjáröflunarár samtakanna til þessa. Álfasalan, sem er helsta fjáröflun SÁÁ, naut gríðarlegs stuðnings um allt land, bæði frá almenningi og fyrirtækjum.

Vorálfasala 2025 skilaði 51,2 milljónum króna, sem runnu til að styðja meðferðarstarf, viðhalda fasteignum og efla þjónustu við skjólstæðinga.

Á Norðurlandi var stemningin sérstaklega góð, þar sem fjöldi fyrirtækja lagði samtökunum lið með kaupum á stóra álfinum og sýndi málefninu mikinn velvilja.

Sömuleiðis var samfélagsleg þátttaka einstaklega sterk á lokamánuðum ársins. Jólaálfurinn 2025 var seldur með ágóða til styrktar sálfræðiþjónustu barna — þjónustu sem SÁÁ rak 2025 að stærstum hluta fyrir sjálfsaflafé og sem sífellt fleiri sækja.

Skólasamfélagið lagði einnig sitt af mörkum. Nemendur í Fjölbautaskóla Suðurlands söfnuðu 420.000 krónum fyrir SÁÁ í góðgerðarviku skólans, sem undirstrikar mikilvægi þess að ungt fólk sýni samstöðu með málefninu.

Áfram var unnið með sjálfbærastörfum í að skipuleggja viðburði, kynningar, fræðslu og stuðningsstarf. Sjálfbærastörf eru ómetanlegur hluti af starfsemi SÁÁ — hvort sem þeir eru þátttakendur í fjársöfnun, fræðslu eða félagsstarfi.

Markmið 8

8

Að afla og koma á framfæri upplýsingum til almennings um eðli og umfang þess vanda sem stafar af notkun áfengis og annarra vímuefna.

Á árinu 2025 hélt SÁÁ áfram að vera lykilrödd í opinberri umræðu um fíknivanda á Íslandi. Fjöldi starfsmanna samtakanna tók þátt í viðtölum, pallborðum, umræðuþáttum og málþingum. Áhersla var á að miðla rökstuddri og gagnreyndri þekkingu um þróun vímuefnaneyslu, áhrif fjölskylduaðstæðna og mikilvægi þess að sækja sér meðferð tímanlega.

SÁÁ tók virkan þátt í opinberum umræðum um heilbrigðisstefnu, aðgengi að meðferðarúrræðum og stöðu þjónustunnar á landsvísu. Í tengslum við undirritun nýs heildarsamnings var sérstaklega lögð áhersla á að fjalla um mikilvægi þess að ríkið viðurkenni fíkn sem langvinnan og alvarlegan heilbrigðisvanda og tryggi fjármögnun í samræmi við raunverulegan kostnað. Þessum upplýsingum var miðlað til fjölmiðla, almennings og hagsmunaaðila.

Auk þess var mikið lagt upp úr kynningargögnum og markaðsefni, þar á meðal efni tengt Edrúar febrúar, styttri fræðslumyndböndum, „Vissir þú...?“ fræðslumolum, upplýsingum um bataferli og rökstuddri umfjöllun um þróun vímuefnaneyslu á Íslandi.

Í tengslum við meðferðar- og endurhæfingarstarf voru jafnframt þróuð ný form fræðslu og tjáningar. Þar má nefna leiklistarnámskeið í Von, sem SÁÁ hýsti á árinu, þar sem lögð var áhersla á sköpun, sjálfstjáningu og félagslega þátttöku skjólstæðinga. Slík verkefni stuðla að aukinni innsýn samfélagsins í bataferli einstaklinga með fíknisjúkdóm og skapa vettvang til að miðla reynslu með öðrum hætti en hefðbundnum fræðsluleiðum.

„Full af lífi“ námskeið um vínlausan lífstíl á vegum Gunnars Hersveins og Margrétar Leifsdóttur var einnig hýst hjá SÁÁ og voru vel sótt. Slík námskeið eru gott dæmi um fjölbreytta nálgun sem beitt er til að koma fræðslu til almennings.

Með fjölbreyttri fræðslu, skapandi verkefnum og þátttöku í samfélagslegri umræðu lagði SÁÁ sitt af mörkum til upplýsts samtals um fíknisjúkdóminn og bata við honum, í samræmi við markmið samtakanna um þekkingarmiðlun og lýðheilsu.

Markmið 9

9

Að leita samvinnu við og styrkja þá starfsemi sem berst raunhæft við fíknsjúkdóma og afleiðingar þeirra.



Frá heimsókn heilbrigðisráherra og fleiri til SÁÁ í febrúar 2025

Samstarf við stofnanir, fagfélög, háskóla og önnur samtök hélt áfram á árinu 2025. SÁÁ átti reglulega fundi við heilsugæslu, félagsþjónustu sveitarfélaga, Landspítala, Krýsuvík, Samhjálp og aðrar þjónustustofnanir til að samhæfa þjónustu við skjólstæðinga sem þurfa á margþættri aðstoð að halda.

SÁÁ tók einnig þátt í fjölmörgum verkefnum á sviði skaðaminnkunar og geðheilbrigðis, meðal annars í ýmsum starfshópum Heilbrigðisráðuneytisins sem snertu málaflokkinn. Þessi verkefni leiddu til bættrar samhæfingar milli stofnana og skýrari ferla fyrir skjólstæðinga sem þurfa samhliða vímuefna- og geðheilbrigðisþjónustu.

Á árinu var unnið áfram með DeCode, Embætti landlæknis, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík að rannsóknarverkefnum sem tengjast fíknivanda, erfðafræði, stafrænni heilbrigðisþjónustu og áhrifum vímuefnaneyslu á heilsu og samfélag.

Markmið 10

10

Að tryggja fólki með fíknsjúkdóma og aðstandendum þeirra læknishjálp og meðferð í heilbrigðis- og almannatryggingakerfinu án þess að sjúkdómsgreining leiði til skerðingar.

Árið 2025 varð eitt stærsta framfaraskref í sögu SÁÁ hvað varðar samvinnu við aðra heilbrigðisþjónustu í landinu. Með undirritun nýs heildarsamnings milli SÁÁ og Sjúkratrygginga Íslands var í fyrsta sinn tryggt að meðferð við spilafíkn, ópíóíðavanda og annarri flókinni birtingarmynd fíknsjúkdóms, væri formlega hluti af opinberri heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Samningurinn lækkar kostnað fólks, með fíknsjúkdóm, því verulega við að sækja sér viðeigandi meðferð

Á árinu 2025 var einnig unnið að því að samræma tilvísanir milli heilbrigðisstofnana og SÁÁ, sem stuðlar að því að einstaklingar með bráða þjónustupörf komist hraðar í viðeigandi úrræði og unnt sé að grípa inn fljótt.

Frekari vinna við að bæta gæði þjónustunnar, meðal annars með innleiðingu rafrænnar lyfjaumsýslu, samræmdra sjúkraskráningarferla og nýrra mælitækja til að meta gæði og árangur, tryggir að þjónustan er gagnsæ, fagleg og samstillt við opinbera heilbrigðisþjónustu.

Markmið 11

11

Að vinna að fræðslu og menntun fagstétta sem starfa á sviði heilbrigðisvísinda að lækningu, umönnun og meðferð fólks með fíknisjúkdóma.

Á árinu 2025 hélt SÁÁ áfram að efla samstarf við háskólasamfélagið, fagfólk og heilbrigðisstéttir í tengslum við fræðslu og menntun. SÁÁ gegnir mikilvægu hlutverki í að mennta næstu kynslóð heilbrigðisstarfsfólks sem tekur þátt í meðferð og stuðningi við fólk með fíknisjúkdóma. Í ljósi aukins þjónustuframboðs og faglegra krafna verður þessi þáttur sífellt mikilvægari.

Á árinu fengu nemar úr öllum helstu heilbrigðisgreinum áfram verknámspláss á Vogu og Vík. Þar yfirfærir starfsfólk SÁÁ áratugalanga reynslu inn í þjálfun nemenda, m.a. læknanema, sjúkraliðnema, hjúkrunarfræðinema, sálfræðinema og áfengis- og vímuefnaráðgjafanema.

Auk þess hélt áfram regluleg kennsla í heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík, þar sem fagfólk SÁÁ tók þátt í námskeiðum tengdum geðlækningum, hjúkrun, sálfræði, félagsráðgjöf og fíknaráðgjöf. Áfram var unnið að þróun námsframboðs á sviði áfengis- og vímuefnaráðgjafar, í nánun samstarfi við stjórnvöld, þar sem rík áhersla er lögð á gæði og fagleg viðmið.

Á árinu var mikil þörf á fræðslu tengdri nýjum áskorunum í fíknfræðum, sérstaklega þeim sem tengjast aukinni vitund um spilafíkn og ungu fólki í áhættu.

Markmið 12

12

Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ starfi fagfólk úr fjölbreyttum greinum heilbrigðisþjónustunnar.

Starfsemi SÁÁ byggir á þverfaglegu samstarfi og árið 2025 var áfram lögð áhersla á að styrkja breidd starfshópsins.

Þetta tryggir að einstaklingar sem leita til SÁÁ fá heildstæða og faglega þjónustu sem tekur mið af líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum.

Fagfólk SÁÁ kemur úr fjölmörgum greinum:

- Áfengis- og vímuefnaráðgjafar
- Félagsráðgjafar
- Heilbrigðisgagnafræðingar
- Hjúkrunarfræðingar
- Læknar
- Sálfræðingar
- Sjúkraliðar

Þá hafa háskólanemar í heilbrigðisvísindum verið í starfi og þjálfun hjá SÁÁ.

Á árinu var unnið áfram að innleiðingu rafræns lyfjaumsýslukerfis í samstarfi við Skræðu, ásamt innleiðingu rafrænnar innritunar í göngudeild og samþættingar við sjúkraskrárkerfi. Þessar tæknilegu lausnir styrkja faglegt vinnuflæði og auka gagnsæi og öryggi í þjónustu.

Markmið 13

13

Að tryggja að í heilbrigðisþjónustu SÁÁ sé rekið öflugt vísindastarf og að rannsakerndur á vegum SÁÁ eigi aðild að vísindasamfélagi, innlendu sem erlendu.

Rannsóknir og gagnreynd nálgun eru hornsteinn starfsemi SÁÁ. Á árinu 2025 tók SÁÁ þátt í fjölbreyttum rannsóknarverkefnum, ýmist í samstarfi við Landspítala, Embætti landlæknis, DeCode og háskóla landsins, eða sjálfstætt á vettvangi samtakanna.

Áfram var unnið að rannsóknum á:

- þróun ópíóíðavanda,
- áhrifum vímuefna á geðheilsu,
- áhrifum lífstíls og félagslegra aðstæðna á bata,
- árangri af sértækri spilameðferð,
- stöðu barna sem alast upp við fíkn á heimilinu og
- notkun stafrænnar heilbrigðisþjónustu.

Á árinu hófust einnig ný verkefni tengd stafrænni tækni þar sem prófaðar voru leiðir til að styðja endurhæfingu og bakslagsvarnir með stafrænum mælitækjum.

Á árinu var auk þess haldið áfram samstarfi við erlenda aðila, meðal annars í gegnum ráðstefnur á sviði fíknilækninga. Starfsfólk SÁÁ fékk tækifæri til að miðla niðurstöðum rannsókna og taka þátt í alþjóðlegri umræðu, m.a. um samfélagslegar afleiðingar vímuefnavanda og nýjar meðferðarleiðir.

Markmið 14

14

Að vinna að samstarfi við framhaldsskóla og háskóla um menntun á sviði heilbrigðisvísinda.

Á árinu 2025 hélt áfram gott samstarf við framhaldsskóla, háskóla og sérgreinanám á heilbrigðissviði. Samstarfið miðar að því að:

- tryggja nemum verknámspláss,
- veita fræðslu um fíkn og forvarnir,
- efla gagnaöflun og rannsóknir og
- byggja brýr milli heilbrigðisvísinda og raunverulegs klíníks starfs.

SÁÁ fékk fjölda beiðna um fræðslu fyrir háskóladeildir, nemahópa og fagfólk, sérstaklega í kjölfar aukinnar umræðu um spilafíkn.

SÁÁ hefur jafnframt komið að gerð kennsluefnis og sérverkefna í háskólum og á árinu voru rannsakendur og fagfólk samtakanna meðleiðbeinendur í lokaverkefnum nemenda í læknisfræði, sálfræði og hjúkrun. Þannig fjölga því fagfólki sem hefur góða þekkingu í fíknifræðum og þjónustu við einstaklinga með flókin vímuefnavanda.

Samantekt ársins 2025

Árið 2025 var eitt af mikilvægustu árum í sögu SÁÁ. Árangur undangenginna ára, skipulagsbreytingar, fagleg endurskipulagning og sterkari tengsl við heilbrigðiskerfið, skilaði sér á árinu í stöðugleika, aukinni þjónustu og víðtækari samfélagslegum áhrifum.

Stærsti áfanginn á árinu var án efa undirritun nýs heildarsamnings milli SÁÁ og Sjúkratrygginga Íslands í desember 2025. Samningurinn markar tímamót í meðferð við fíknisjúkdómi á Íslandi og felur í sér árlega fjármögnun, auk þess sem ríkið tekur formlega þátt í fjármögnun meðferðar við spilafíkn í fyrsta sinn. Þetta tryggir að þjónusta SÁÁ er til staðar og undirstrikar þá staðreynd að fíkn er alvarlegur og langvinnur heilbrigðisvandi sem krefst samfelldrar fagþjónustu.

Skýr merki eru um jákvæðar breytingar í kjölfar faglegrar uppbyggingar og skýrari þrepaskiptingu þjónustu SÁÁ: biðtími styttist og fleiri fá innlögn innan 90 daga viðmiðs Embættis landlæknis.

Göngudeildir SÁÁ stækka að umfangi, meiri eftirspurn og meiri afköst eru utan innliggjandi þjónustu. Þetta eru jákvæð skref í átt að markmiðum um jafnræði í aðgengi og samfellu í meðferð Kerfið okkar er að færa þunga frá innlögn yfir í markvissara mat á meðferðarþörf og úrræði við hæfi hvers og eins. Sem dæmi má m.a nefna aukið aðgengi að lyfjameðferð við ópíóíðafíkn. Sú meðferð styður vel við þessi markmið sem lykilinnviður í fíknimeðferð sem minnkar skaða og bjargar mannlífum.

Fjáröflun gekk einstaklega vel árið 2025, og samfélagsstuðningur við SÁÁ var meiri en nokkru sinni fyrr. Vorálfasala 2025 skilaði 51,2 milljónum króna, sem rann til meðferðarstarfs SÁÁ.

Fyrirtæki á Norðurlandi sýndu SÁÁ mikinn velvilja með kaupum á stórum álfum.

Samantekt ársins 2025 — framhald

Nemendur í framhaldsskólum söfnuðu hundruðum þúsunda til styrktar samtökunum.

Jólaálfurinn 2025 var seldur sérstaklega til að styrkja sálfræðipjónustu barna.

Fjáröflunar- og samfélagsverkefni hafa þannig ekki aðeins fjárhagslegt gildi — þau endurspeglu traust, einingu og virka þátttöku samfélagsins í að berjast gegn fíknisjúkdómi og afleiðingum hans.

Á sviði fræðslu og vísinda hélt SÁÁ áfram að vera þátttakendur í umræðu um fíknivanda á Íslandi. Rannsóknir, gagnasöfnun og alþjóðleg samstarfsverkefni styrktu enn frekar stöðu samtakanna sem faglegs málsvara fólks með fíknisjúkdóm. Samhliða var haldið úti öflugri fræðslu til fagfólks, skóla, sveitarfélaga.

Áfram var unnið að endurbótum á fasteignum SÁÁ, þar á meðal á Vogu og í göngudeildarþjónustu á Akureyri, með það markmið að búa skjólstæðingum og starfsfólki öruggt, bata- og heilsueflandi umhverfi.

Á heildina litið markaði árið 2025 upphaf nýs tímabils í starfsemi SÁÁ, þar sem styrk staða í heilbrigðiskerfinu og aukin fjármögnun skapa tækifæri til að efla þjónustuna, breikka úrræði og draga úr fordómum með markvissri fræðslu á landsvísu.

Lokaorð

Árið 2025 stendur eftir sem tímamótaár fyrir SÁÁ — ár þar sem samtökin styrktu stoðir sínar, víkkuðu út þjónustu og fengu þá viðurkenningu sem þau hafa barist fyrir í áratugi: að meðferð við fíkn sé grundvallarheilbrigðisþjónusta, ekki sérúrræði í jaðri kerfisins.

Með nýjum heildarsamningi við Sjúkratryggingar Íslands eru lagaðar leiðir að því að tryggja einstaklingum með fíknsjúkdóm betra aðgengi að þjónustu, skemmri biðtíma og fjölbreyttari úrræði sem taka mið af heildstæðum þörfum hvers og eins. Samningurinn tryggir jafnframt stöðugleika og festu í rekstri, sem er forsendan fyrir því að hægt sé að þróa þjónustuna áfram og nýta mannauð SÁÁ í þágu skjólstæðinga af enn meiri krafti.

Á sama tíma hefur samfélagsstuðningur aldrei verið meiri. Álfasölur, viðburðir, styrkir, sjálfboðaliðastarf og fjáröflun eru ekki aðeins fjárhagslegur bakhjarl — þau eru tákni um sameiginlega ábyrgð, samstöðu og trú á mikilvægi SÁÁ í íslensku samfélagi.

Næstu ár verða áhugaverð og krefjandi, ekki síst vegna þess að árið 2027 fagnar SÁÁ 50 ára afmæli. Undirbúningur afmælisársins hefur þegar hafist og þar gefst tækifæri til að horfa bæði aftur á bak — á áratugi af þjónustu við tugþúsundir einstaklinga og fjölskyldna — og fram á við, þar sem ný tækifæri í meðferð, rannsóknum, stafrænum lausnum og samstarfi blasa við.

Grunnstoðir SÁÁ eru traustar:

- ✓ sterkur fag-hópur
- ✓ trúverðug gögn og rannsóknir
- ✓ viðurkennd meðferð sem tekur mið af bestu þekkingu
- ✓ samfélagsstuðningur og hlýhugur
- ✓ stöðug fjármögnun sem tryggir framtíð þjónustunnar

Við höldum áfram — með ábyrgð, skýra framtíðarsýn og þann eldmóð sem hefur einkennt SÁÁ frá upphafi.

Allt annað líf er mögulegt.



Ársrit SÁÁ 2025

Tölfræði úr
heilbrigðisþjónustunni



Sjúkrahúsið Vogur 2025 Innlagnarupplýsingar

Fjöldi, kyn, aldur og búseta




Sjúkrahúsið Vogur

Heildartölur 1977-2025

- Innlagnir
 - 92.371
 - 27.280 (29,5%) konur, 65.079 (70,5%) karlar
 - Einstaklingar
 - 28.882; núlifandi 21.436*
 - 8.641 (29,9%) konur, 20.253 (70,1%) karlar
 - Núlifandi*: 6.746 (31,47%) konur, 14.985 (69,91%) karlar
- *Lifandi 31.12.2025




Fjöldi innritana og einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu 2006-2025



2025
1137
1351




Fjöldi einstaklinga í grunnþjónustu SÁÁ




Fjöldi innritana og einstaklinga eftir kyni á sjúkrahúsinu Voggi 2025

Innlagnir




■ Karl ■ Kona

Einstaklingar




■ Karl ■ Kona


Kynjahlutfall sjúklinga á sjúkrahúsinu Voggi 2014-2025



Fjöldi einstaklinga eftir aldurshópum á sjúkrahúsinu Vogu 2024 og 2025



Fjöldi einstaklinga á Vogu 2025 eftir aldurshópum. Samanburður við meðaltalsfjölda 2017-2019




Heilbrigðisumdæmi einstaklinga sem lögðust inn á Vog 2025







Aðalvímuefnagreining (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Vog árið 2025.




Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Voq 2025




Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu á sjúkrahúsið Vog 2021-2025




Hlutfall einstaklinga með áfengisgreiningu sem koma á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall einstaklinga 66 ára og eldri með áfengisgreiningu sem koma á sjúkrahúsið Vog, samanborið við alla



Hlutfall sjúklinga með áfengisgreiningu sem drekka daglega 2000-2025



Einstaklingar á sjúkrahúsinu Voggi sem nota ópíóíða reglulega 2020-2025







Sjúkrahúsið Vogur
Einstaklingar sem
komu, sáá-u og
sigruðu í fyrsta sinn
2025



Fjöldi einstaklinga sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall þeirra sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog, af öllum einstaklingum




Einstaklingar sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog 2025, eftir kyni

Fyrsta koma




■ Karl ■ Kona

Fyrsta koma sem kom aftur á




■ Karl ■ Kona


Aldursdreifing einstaklinga sem koma í fyrstu meðferð á Voggi. Samanburður 2025 og meðaltalsfjölda 2017-2019




Aðalvímuefnagreining (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog árið 2025.



Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog 2025



Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum sem komu í fyrsta skipti á sjúkrahúsið Vog 2021-2025







Sjúkrahúsið Vogur
Einstaklingar sem komu
aftur til að sáá og sigra
2025




Fjöldi einstaklinga í endurkomu á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall einstaklinga í endurkomu á sjúkrahúsið Vog




Fjöldi einstaklinga í endurkomu á Vog eftir aldurshópum 2023, 2024 og 2025



Aðalvímuefnagreiningar (hlutfallsleg skipting) hjá einstaklingum í endurkomu á Vog árið 2025




Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum í endurkomu á sjúkrahúsið Vog 2025




Einstaklingar í endurkomu á sjúkrahúsið Vog 2025 eftir kyni

Hafa komið áður



Endurkoma innan árs frá síðustu innlögn






Sjúkrahúsið Vogur
Ungmenni 25 ára og
yngri sem komu,
sáá-u og sigruðu
2025




Fjöldi innritana og einstaklinga 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Voggi




Fjöldi innritana og einstaklinga 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu, eftir kyni 2025

Innlagnir



■ Karl ■ Kona ■ Kynsegin


Einstaklingar




■ Karl ■ Kona ■ Kynsegin




Fjöldi einstaklinga 25 ára og yngri sem komu í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall fyrstu komu af öllum 25 ára og yngri einstaklingum á sjúkrahúsinu Voggi




Hlutfall einstaklinga 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Voggi sem koma aftur




Fjöldi einstaklinga sem hafa komið áður á Vog eftir aldurshópum (25 ára og yngri) 2022-2025




Aðalvímuefnagreiningar (hlutfallsleg skipting) hjá 25 ára og yngri sem komu á sjúkrahúsið Vog 2025



Vímuefnagreiningar hjá einstaklingum 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu 2025



Vímuefnagreiningar hjá 25 ára og yngri sjúkrahúsinu Vogu 2021-2025




Lyfjameðferð við ópíóíðafíkn Göngudeild Vogs


Þjónustuupplýsingar um
einstaklinga í lyfjameðferð SÁÁ við
ópíóíðafíkn




Fjöldi einstaklinga sem hafa notað einhverja ópíóíðategund á sjúkrahúsinu Vogu 2016-2025



Fjöldi einstaklinga með ópíóíðagreiningu á sjúkrahúsinu Vog 2015-2025




Fjöldi einstaklinga með ópíóíðagreiningu á sjúkrahúsinu Vog 2015-2025




RHF, JGA

Ópíóíðagreining meðal allra einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu, 2020-2025


Ópíóíðagreining




Ópíóíðagreining á sjúkrahúsinu Vogu 2017-2025




Neyslumynstur ópíóíða meðal einstaklinga með ópíóíðafíkn á sjúkrahúsinu Vogu



Fjöldi einstaklinga á ári sem fengu lyfjameðferð við ópíóíðafíkn



Einstaklingar í lyfjameðferð við ópióíðafíkn 2025



Samtals
532
einstaklingar





Sjúkrahúsið Vogur

Niðurstöður
gæðavísa 2025






Gæðavísir:
Aðgengi og
biðtími eftir
þjónustu




Meðalbiðtími frá beiðni til innlagnar á sjúkrahúsinu Vogu



RHFJGA

Hlutfall beiðna sem fá innlögn innan 90 daga* á sjúkrahúsinu Vogu



*viðmið EL um biðtíma eftir meðferð




RHFJGA




Gæðavísir: Innlagnir og endurkomutíðni




Hlutfall einstaklinga í endurkomu á sjúkrahúsið Vog



Endurinnlagnir eftir vímuefnagreiningum 2025



Endurinnlagnir eftir vímuefnagreiningum, 25 ára og yngri 2025






Gæðavísir:
Ótímabær lok
meðferðar




Ótímabær lok meðferðar – allir


Fjöldi einstaklinga og hlutfall



Ótímabær lok meðferðar – Ungmennni (25 ára og yngri)



Ótímabær lok meðferðar – Ungmennni (25 ára og yngri) 2025






Gæðavísir: Atvikaskráning



Atvikaskráning






Gæðavísir:
Ánægja og
samráð




Þjónustukannanir

Einkunn fyrir „Meðferðina í heild“



Þjónustukannanir

Samráð við útskrift: „Finnst þér hlustað á óskir þínar þegar teknar eru ákvarðanir um þína meðferð“. Hlutfall sem svarar „Alltaf“ eða „Oftast“





Meðferðarstöðin Vík 2025


Þeir sem komu, sáá-u og
sigruðu í 28 daga
inniliggjandi
sálfélagslegri meðferð





Meðferðarstöðin Vík, Kjalarnesi

Ár	Innskriftir	Legudagar
2022	629	16921
2023	630	15962
2024	505	13574
2025	539	14441





Göngudeildir Von
og Akureyri 2025
þeir sem komu, sáá-u og
sigruðu í 3-12 mánaða
göngudeildarmeðferðum





Viðtöl

- **Árið 2025 komu 1.635 einstaklingar í 3.042 viðtöl í göngudeildum SÁÁ.**
- **18% aukning** á fjölda viðtala frá árinu 2024
- **932 Karlar (57%)** og 702 konur (43%) nýttu sér viðtöl í göngudeildum SÁÁ árið 2025
- Þar af komu 99 einstaklingar, 65% karlar og 34% konur í 211 viðtöl á **Akureyri**
- 201-343 viðtöl voru tekin mánaðarlega
- 65,5 viðtöl eru tekin vikulega

Engin sumarlokun var í göngudeild í Reykjavík 2025, en skert þjónusta á Akureyri.





Tegund viðtala

1.087 einstaklingar komu
1.562 sinnum í
greiningarviðtal

- 733 einstaklingar komu vegna áfengis og vímefnavanda (67%)
- 324 aðstandendur (30%)
- 37 einstaklingar komu vegna spilavanda (3,4%)

1.019 einstaklingar komu
1.850 sinnum í
ráðgjafaviðtal

- 852 einstaklingar komu vegna áfengis og vímuefnavanda (89%)
- 84 aðstandendur (8,8%)
- 22 vegna spilavanda (2,3%)



Heildar komur og fjöldi viðtala í göngudeild
2024 og 2025

Ár	Komur í úrræði	Einstaklingar
2024	7.797	2.138
2025	9.570	1.011

Ár	Fjöldi viðtala	Einstaklingar
2024	2.879	1.564
2025	3.402	1.635





Meðferðarúrræði

- Árið 2025 komu 1.011 einstaklingar 9.570 sinnum í úrræði í göngudeildum SÁÁ, sem er **23%** fleiri komur en árið á undan.
- Skjólstæðingar sem sóttu meðferðarúrræði voru á aldrinum 17-86 ára og meðaldur þeirra 47 ára.
- Aukning var í aðsókn í Grunn – og Meðferðarhópa sem mynda nýja Dagdeildarþjónustu SÁÁ í þjónustusamningi við Sjúkratryggingar
- Innritun í Grunnmeðferð jókst um **43%** 2025 og um **50% fór í áframhaldandi meðferð**:
 - 17% áfram á Vík (ný meðferðarleið)
 - 83% áfram í Meðferðarhóp
- **43% þeirra sem fara í Grunnmeðferð eru í sinni fyrstu meðferð**

- Vikulega eru um 184 komur að meðaltali í úrræði í göngudeildum SÁÁ
- 12 úrræði voru í boði í göngudeildum SÁÁ árið 2025
- 18,8% færri ungmenni 25 ára og yngri sóttu þjónustu í göngudeild

Grunnmeðferð

Grunnmeðferð	2023	2024	2025
Einstaklingar	251	219	314
Komur	1.598	1.412	1.986
Meðferðarheldni	82,10%	84%	82%
1 skipti	16 einstakl.	14 einstakl.	15 einstakl
Aldursspönn	20-81	18-80	17-86
Meðalaldur	48	45,9	46
Ungmennni, 25 ára og yngri	9	6	19

Meðferðarhópur

Ár	2023	2024	2025
Einstaklingar	332	307	325
Komur	2.953	2.703	3.066
Meðferðarheldni	59%	60%	62%
3 skipti eða færri	21%	55%	22%
Meðalaldur	48,3	46,7	47,6%
Ungmennni	16	22	23

Spilameðferð

Aðsókn í þjónustu vegna spilavanda er stöðug hvað varðar fjölda, en sjá má aukningu í komum (20%).

Viðtöl vegna spilavanda	2024	2025
Greiningarviðtal	53	37
Ráðgjafaviðtal	35	22

Spilameðferð	2023	2024	2025
Einstaklingar	68	71	71
Komur	323	331	397
3 skipti eða færri	52%	68%	47,3%
Aldursspönn	20-68	20-70	18-85
Meðalaldur	34,8	36,4	38,5
Ungmenni	16	13	16

Þjónusta við aðstandendur

- 6 aðstandendanámskeið voru haldin árið 2025
- 128 einstaklingar (198 konur (79%) og 30 karlar (23,4%))
- Þátttakendur aðstandendanámskeiðanna voru á aldrinum 19-79 ára. Meðalaldur þátttakenda var 52 ár, meðalaldur karla á námskeiðinu var 49,5 ár og kvenna 52 ár.
- 7 ungmenni 25 ára eða yngri innrituðust á námskeiðið.
- 76% luku námskeiðinu.

Aðstandendanámskeið	2023	2024	2025
Einstaklingar	87	127	128
Komur	495	731	756
Meðferðarheldni	85%	76%	76%
Aldursspönn	18-74	16-86	19-79
Meðalaldur	48,8	52	52
Ungmenni	11	9	7

Þjónusta við aðstandendur


- **Foreldravöld** voru haldin 4 sinnum árið 2025.
- 14 einstaklingar, 9 konur og 5 karlar komu á foreldravöld. Á foreldravöldi fer fram fræðsla um hvernig foreldrar geta rætt við börn sín um fíknsjúkdóminn. Sálfræðingur stýrir umræðum og svarar spurningum foreldra. Þátttakendur fá útprentað efni sem þeir geta nýtt sér og kynnt fyrir börnunum sínum
- **Stuðningshópur aðstandenda á Akureyri**
- 6 konur komu 92 sinnum í stuðningshóp aðstandenda á Akureyri, þær voru á aldrinum 34-69 ára og er meðalaldur þeirra 56,3 ár,
- Lítil endurnýjun er í hópnum sem samanstendur af fáum konum sem hafa verið lengi í úrræðinu.



Sálfræðipjónusta barna:

Ár	Fjöldi viðtala	Starfandi sálfræðingar
2023	71	0,8
2024	736	1,9
2025	749	1,9





Ein hugmynd um hvernig nýtt sjúkrahús gæti tengst núverandi aðstöðu SÁÁ á Vík á Kjalarnesi